

- 14** fæddri Kapel, — einn fjórði hluti vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en það, 7. febr. sem þá er eftir af vöxtunum, skal farið með samkvæmt því, sem fyr segir.

9. gr.

Sjóðnum ber að annast útgjöld við sómasamlegt viðhald á grafreit Pjeturs Pjeturssonar biskups í Reykjavík, og er sjóðsstjórninni falið að annast þetta.

- 15** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóð Kvenfjelags- 24. febr. ins „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. febrúar 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagskrá

fyrir

sjúkrasjóð kvenfjelagsins „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður Kvenfjelagsins Einingin“.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Kvenfjelaginu „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi, og er að upphæð kr. 400.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, sem heimili eiga í Borgarfjarðarhreppi, en ekki má, nema alveg sjerstaklega standi á, veita styrk úr sjóðnum þeim, er þyggja fátækrastryk úr hreppssjóði eða standa í skuld fyrir óendurgoldinn sveitarstryk .

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu allir vextir og gjafir, er sjóðnum innhendast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 1000.00 kr.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur skal einn tíundi af vöxtunum leggjast við höfuðstólinn, en níu tíundu hlutum skal árlega varið til styrktar fátækum sjúklingum í Borgarfjarðarhreppi.

15

24. febr.

6. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn Kvenfjelagsins „Einingin“ meðan það starfar. Leysist fjelagið upp, skal stjórn sjóðsins skipuð 3 mönnum, er jafnan sjeu þessir: Sóknarpresturinn í hinni núverandi Bakkagerðissókn, hreppstjórinn og einn maður úr hreppsnefndinni, er hún sjálf kýs.

Sjái stjórnin ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum eitthvert ár, leggjast vextirnir við höfuðstólinn, en verja má þó jafnmikilli upphæð og helmingi þeirra nemur, til styrkveitingar næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga. Reikningur sjóðsins skal birtur 5. hvert ár, eftir að farið er að úthluta styrknum.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Bakkagerði, 12. september 1921.

Ingunn J. Ingvarsdóttir. *Sigurlaug Helgadóttir.*

Marín Sigurðardóttir

Reglugjörð

16

25. febr.

um útgáfu almanaks.

1. gr.

Háskóli Íslands hefir einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi. Einkarjetturinn byrjar með útgáfu almanaks fyrir árið 1923.